



SKN-23	Menntaskólinn í Kópavogi		
Útgáfa: 01			
Dags.: 2021			
Höfundur: MLF			Fundargerð Skólanefndar # 23
Samþykkt: GEA			
Síða 1 af 2			

Mættir:	Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari, Flosi Eiríksson, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, María Guðjónsdóttir, Steinþór Jónsson, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara, Guðný Karen Ólafsdóttir fulltrúi foreldra og Elísabet Guðmundsdóttir.		
Forfallaðir:	Egill Orri Elvarsson fulltrúi nemenda, Guðmundur Birkir Þorkelsson		
Staður:	Teams		
Tími:	Kl. 12:00-13:00	Dags.: 6. maí 2021	

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	<p>Gjaldskrá næsta skólaárs</p> <p>Flosi formaður skólanefndar setur fundinn kl. 12:02.</p> <p>Elísabet og Guðríður kynna að stefnt er að því að fylgja verðlagsþróun varðandi hækkun á skólagjöldum. Um er að ræða 4-5% hækkun á skólagjöldunum.</p> <p>Gjald fyrir skápaleigu var í fyrra eingreiðsla uppá 3.000 kr. og skilagjald var hækkað upp í 2.000 kr. Komið hefur í ljós að þetta fyrirkomulag er ekki praktískt í framkvæmd þar sem að tölvukerfið gefur ekki til kynna hvort um að ræða nýjan nemanda sem þarf að fá lykil eða áframhaldandi nemanda sem er núþegar með lykil. Gjaldið fyrir skápaleigu verður því lækkað niður í 2.000 kr. en verður greiðsla fyrir hverja önn í staðinn. Fyrir flestar deildir kemur þetta út í lækkun kostnaðar fyrir nemendur.</p> <p>Ofangreindar gjaldskrárbreytingar eru lagðar fyrir skólanefnd til samþykktar.</p> <p>Flosi formaður skólanefndar leggur til að hækkunin á skólagjöldum verði lækkuð niður í 3% en skápaleigan hækkuð í 3.000 kr.</p> <p>Nefndin samþykkir breytingarnar samhljóða.</p>	FE E og GEA	30 sek. 10 mín.
2.	Ný námskrá H2021	GEA	3 mín.
	Verið er að leggja lokahönd á námskrárbreytingarnar sem kynntar voru á síðasta skólanefndarfundi. Hluti af því er að		

SKN-23	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2021		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 2 af 2		
Fundargerð Skólanefndar # 23		
6. maí 2021		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	styrkja umsjónarkerfið.		
3.	Endurgerð eldhúsa	GEA	4 mín.
	Búið er rífa allt úr V107 kennslueldhúsinu og verið er að rífa út úr mötuneyti starfsfólks sem stefnt er að því að verði klárt 9. ágúst. Nýtt mötuneyti mun innihalda sjálfsafgreiðslukerfi þar sem greitt verður eftir vigt. Kostnaður sem fellur á MK við þessar framkvæmdir eru áætlaðar 70-80 milljónir. Skólinn mun þurfa að óska eftir aukaframlagi frá ráðuneytinu vegna þessara framkvæmda og er sú beiðni í vinnslu. Beiðnin mun hljóða upp á u.þ.b. 30 milljónir. Fáist beiðnin ekki samþykkt þá á skólinn sem nemur þeirri fjárhæð í eigin fé.		
4.	Grænu skrefin	GEA	2 mín.
	Það gekk fljótt og vel að fá fyrsta græna skrefið af fimm staðfest og gert er ráð fyrir því að annað skrefið verði vottað snemma í haust og þriðja í vetur. Útskrift verður haldin 28. maí.		
5.	Önnur mál	GEA	8 mín.
	Ekki er vitað hvernig útskrift verður hagað í vor. Skólinn er tilbúin með þrjár áætlanir. Ein áætlun felur í sér að endurera útskriftina sem haldin var í fyrra, önnur felur í sér að endurera útskriftina sem haldin var um jólin og þriðja er að fjöldatakmörkanir verði hækkaðar nægilega mikið til þess að nemendur og lykiláðilar skólans geti mætt samtímis í athöfnina. Elísabet bendir á að geymsluskápar nemenda eru orðin lélegir og leggur til að þegar farið verður í að endurnýja þá þá verði keyptir skápar sem að nemendur geti læst sjálfir án þess að skólinn þurfi að hafa milligöngu um lykla o.þ.h.		
6.	Fundi slitið: Formaður sleit fundi kl.12:29.	FE	

Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir